

Fundargerð 71. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 14. febrúar kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri.

Friðrik Gunnarsson var fjarverandi.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 70. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 7. janúar sl., lögð fram til samþykktar. Ekki komu fram athugasemdir við fundargerðina.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Breytingarnar framundan vegna lagabreytinga - 2112034SA

Verkefnisstjórnin hefur fjallað um lagabreytingar frá því sl. sumar til innleiðingar hringrásarhagkerfis, síðast á fundi sínum 10. desember. Með lagabreytingunum voru gerðar viðamiklar breytingar á kröfum til úrgangsstjórnunar sveitarfélaga sem flestar koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Ljóst er að þessar breytingar munu auka kostnað við meðhöndlun úrgangs. Fulltrúar sambandsins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hafa rætt aðgerðir til stuðnings þessum breytingum og fyrir liggur fjármögnun ráðuneytisins á þremur aðgerðum til stuðnings breytingum á úrgangsstjórnun sveitarfélaga og innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Verkefnisstjóri sagði frá þeim verkefnum sem fyrirhugað er að bjóða sveitarfélögum að taka þátt í. Auglýst verður eftir sveitarfélögum til þátttöku á næstu dögum.

Verkefnisstjórn lýsti ánægju með þá upplýsingagjöf sem komið hefur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt hvetur verkefnisstjórnin sveitarfélögin til að taka þátt í þeim innleiðingarverkefnum sem fram undan eru.

3. Nýting lífúrgangs og líforkuver - 2202016SA

Hugmyndir eru uppi um að koma á fót sérstöku líforkuveri á Norðurlandi sem geti tekið á móti öllum lífrænum úrgangi á Eyjafjarðarsvæðinu og víðar, og framleitt úr honum vörur.

Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku, var gestur undir þessum lið. Greindi hann frá hugmyndum um forverkefni til að kanna fýsileika verkefnisins og svaraði spurningum fundarmanna. M.a. er horft til þess að þar sem verkefnið mun stuðla að markmiðum í loftslagsstefnu og úrgangsstefnu verði leitast við að fá formlega aðkomu ríkisins að málinu.

Verkefnisstjórn þakkaði Guðmundi Hauki fyrir greinargóða kynningu og óskaði jafnframt eftir því að fá tækifæri til að fylgjast með framvindu verkefnisins.

4. Samræmd söfnun úrgangs - 2202017SA

Tillögur að samræmdu hirðukerfi á höfuðborgarsvæðinu og sérsöfnun á lífrænum úrgangi hafa verið kynntar. Undanfarna mánuði hafa Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) unnið að verkefninu. Í nýja hirðukerfinu er lagt til að fjórum úrgangsflokkum verði safnað við öll heimili á höfuðborgarsvæðinu. Tillögur starfshóps að samræmingu úrgangsflokkunar, dags. 17. janúar lagðar fram til kynningar.

Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri SSH, var gestur undir þessum lið og greindi frá tillögnum og vinnunni framundan. M.a. sýndi hann dæmi um hirðulausnir frá hinum Norðurlöndunum.

Ljóst er að kröfur um aukna sérsöfnun úrgangs kalla á nýja innviði, svo sem ílát undir úrgang og hirðubíla. Verkefnisstjórn telur mikilvægt að fram fari samtal milli sveitarfélaga, þjónustuaðila og annarra sem málið varðar, þar sem m.a. verði leitast við að ræða innleiðingu þeirra breytinga sem taka eiga gildi um áramótin út frá ólíkum aðstæðum í sveitarfélögum.

5. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar 2020 - 2009107SA

Breytingar hafa orðið á fulltrúum sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs og hefur Áslaug Hulda Jónsdóttir tekið sæti í stjórninni í stað Bryndísar Gunnlaugsdóttur.

Innan Úrvinnslusjóðs stendur yfir vinna vegna lagabreytinga síðastliðið sumar. Á síðasta fundi verkefnisstjórnar, þann 7. janúar sl, var rætt að skerpa þurfi á hvaða útgjöld sveitarfélaganna vegna úrgangsmeðhöndlunar skulu skv. lögum vera fjármagnaðir af framleiðendaábyrgð. Með breytingum á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald skulu framleiðendur og innflytjendur vara, skv. 2. mgr. 24. gr., fjármagna og tryggja meðhöndlun vöru sem er orðin að úrgangi. Fjármögnunin skal þ.m.t. standa straum af kostnaði við sérstaka söfnun, sem og aðra söfnun úrgangsins eftir atvikum og meðhöndlun hans.

Fram hafa komið upplýsingar um að plast frá Íslandi sé ómeðhöndlað geymt í Svíþjóð. Sendinefnd, með fulltrúum þjónustuverktaka og starfsmanni Úrvinnslusjóðs, fór í vettvangsskoðun vegna málsins þann 27. janúar 2022. Til kynningar var lagt fram minnisblað sendinefndarinnar.

Eygerður sagði jafnframt frá helstu málum sem stjórn Úrvinnslusjóðs hefur haft á sínu borði að undanfögnu.

Fram kom vilji af hálfu verkefnisstjórnar til að mynda bakhóp fyrir fulltrúa

sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs til að styðja við áherslur sveitarfélaga um innleiðingu framleiðendaábyrgðar.

6. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA

Þann 1. janúar 2023 koma til framkvæmda breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs um að innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs skuli vera sem næst raunkostnaði niður á hvern aðila. Slík aðgerð við innheimtu byggist á mengunarbótareglunni þar sem hver og einn borgar fyrir það sem hann hendir (e. Pay as you throw).

Samband Íslenskra sveitarfélaga efndi til opins stafræns kynningarfundar fimmtudaginn 3. febrúar 2022 um innleiðingu breytinga á innheimtu sveitarfélaga fyrir úrgangsmeðhöndlun. Upptöku af fundinum er að finna á vefsíðu sambandsins. Á fundinum var kynnt frumgreining Eflu ráðgjafastofu en verkefnið er unnið með styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og er hluti af stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs, „Í átt að hringrásarhagkerfi“. Greining Eflu, dags. 2. janúar sl., lögð fram til kynningar.

Verkefnisstjóri greindi frá málinu og svaraði spurningum um næstu skref í málinu.

7. Önnur mál - 2009111SA

Rætt var stuttlega um umsagnarbeiðni frá Alþingi vegna 197. máls, þingsályktunartillaga um byggingu hátækisorporkustöðvar. Sambandið stefnir á að senda inn umsögn um málið og sama á við um SORPU bs.

Fundi var slitið kl. 13:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson